

Fundargerð (29)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams miðvikudaginn 7. apríl 2021, kl. 13.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólanna; Marianna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Raket Guðmundsdóttir
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum voru sett inn á Teams þriðjudaginn 6. apríl.

- 1. Fundargerð 28. fundar** samþykkt.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar og skýrði einstaka þætti.
- 3. Staða Vinnustundar.** Sem fyrr lýsir verkefnisstjórn miklum áhyggjum af hversu seint gangi að uppfæra Vinnustund til að kerfið geti svarað tæknilegum þörfum betri vinnutíma í vaktavinnu. Málið rætt og fulltrúar í stýrihópi lýsa óánægju með hversu hægt gangi að uppfæra Vinnustund til að takast á við umbætur sem kallað hefur verið eftir m.a. með reglubundnum og tíðum fundum í meira en hálf t. Launagreiðendur munu gera allt sem unnt er til að tryggja að verkefnisstjórn stýrihópsins og verkefninu sé sýnd sú athygli og virðing sem nauðsynlegt er. Jafnframt eru launagreiðendur sammála um að tryggja að baklandið í starfsmannahópum hjá þeim sé tiltækt og að þeir leggi til mannskap til þróunarvinnunar með verkefnisstjórn, m.a. við að prufukeyra nýjungar og bregðast við þegar frávik og villur koma upp. Verkefnisstjórn lagði áherslu á að uppfærð Vinnustund og stjórnendaskýrslur vegna betri vinnutíma í vaktavinnu verði að vera samræmd hjá öllum opinberu launagreiðendum og byggjast á nýjustu útgáfum hverju sinni. Verkefnisstjórnin mun senda fulltrúum launagreiðenda í stýrihópnum drög að tölvupósti til að senda vinnustöðum/stofnunum þar sem gerð er grein fyrir helstu þörfum verkefnisins hvað varðar kerfismál eins og nú standa sakir. Launagreiðendur munu fylgja ábendingum þeirra eftir og sjá til þess að verkefnisstjórn fái nauðsynlegt liðsinni.
- 4. Staða vaktaskýrslna** – Reykjavíkurborg upplýsti að vaktaskýrslur lægju fyrir á öllum vinnustöðum þótt eitthvað ætti eftir að fínþússa. Samband ísl. sveitarfélaga bíður enn svara frá 75% þeirra meira en 200 vinnustaða sem könnun hjá sveitarfélögum tekur til. Af þeim sem svarað hafa telja 78% sig hafa tilbúna vaktaskýrslur og 16% eru með þær í vinnslu og vænta þess að þær liggja fyrir á næstu dögum. Enginn gerir ráð fyrir að vaktaskýrslur verði ekki tilbúna fyrir 1. maí. Hjá ríkinu eru vinnustaðir misvel á veg komnir en flestir telja sig verða

tilbúna í tæka tíð. Vandkvæðin með Vinnustund valda óvissu og staðan er óljós. Hið sama á við hjá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu.

5. **Orðalag í fylgiskjali II - Vaktahvati.** Breytt orðalag eins og það var kynnt á síðasta fundi var samþykkt. Í nýju orðalagi felst ekki efnisleg breyting heldur er breytingin til að gæta samræmis við orðalag um aðrar launategundir sem greiðast í sama hlutfalli og starfshlutfall starfsmanns á viðkomandi launatímabili.
6. **Hvenær byrjar yfirvinna að telja?** Frá síðasta fundi hafa verkefnisstjórn og fulltrúar frá launafólki og launagreiðendum hist og farið yfir minnisblað verkefnisstjórnar til að skýra hvort yfirvinna 2 greiðist á dagvinnutíma fyrir vinnu umfram 38,92 stundir á viku eða 168,6 stundir á mánuði að teknu tilliti til vægis vinnuskyldustunda. Hópurinn er enn að skoða málið og áformar að skila niðurstöðu til ákvörðunar fyrir næsta fund stýrihóps.
7. **Hvað telst til fastra launa starfsmanns?** - Frá síðasta fundi hefur verkefnisstjórn og fulltrúar frá launafólki og launagreiðendum hist og farið yfir minnisblað verkefnisstjórnar til að undirbúa leiðbeiningar frá stýrihópi. Niðurstaða samtalsins sem stýrihópur samþykkti er:
 - Forsendur kerfisbreytingarinnar og umbótasamtal eru alltaf fyrsti útgangspunktur.
 - Horfa þarf til allra þátta sem kerfisbreytingin tekur til áður en skoðað er hvort hópur telst lækka í launum og þá á hvaða forsendum.
 - Ef hópur hefur haft fasta yfirvinnutíma eða aðrar launagreiðslur vegna vinnutíma þurfa launagreiðendur að skoða þá sérstaklega sem og hvað býr að baki þeim greiðslum.
 - Verkefnastjórnin gerir ítarlegan lista yfir þá þætti sem hafa þarf í huga ef hópar teljast lækka í launum.
 - Ráðleggingar þurfa að taka mið af hverjum hópi fyrir sig og fylgja ferli einstakra mála.
8. **Önnur mál**
 - **Talning mætinga í tengslum við jöfnun vinnuskila.** Sonja Ýr lagði til að fulltrúum frá launafólki og launagreiðendum yrði falið að ljúka umræðu um þetta mál með það að markmiði að stýrihópur gefi út leiðbeiningar til stjórnenda og félagsmanna í stéttarfélögum. Samþykkt að í hópnum sitji Sonja Ýr, Harpa Júlía, Rakel og Einar Mar.
 - **Viðhorfskönnun hjá vaktavinnufólki.** Einar Mar vakti athygli á að viðhorfskönnun matshópsins hafi verið send út 31. mars sl. og óskaði eftir því að samtök launafólks hvetji félagsmenn sína til að svara spurningalistum.

Fundi slitið kl. 14.30. Fundargerð er aðgengileg á Teams. Næsti fjarfundur verður þriðjudaginn 13. apríl kl. 14.00 – 15.30.